Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 55/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Ragnari Sigurðssyni
(Örn Clausen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Ökuréttur. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var því áfrýjað með stefnu 19. janúar 1994 til staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Ragnar Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 2. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. nóvember sl., hefur sýslumaðurinn á Akureyri höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali, út gefnu 22. október 1993, „á hendur Jóhanni Ragnari Sigurðssyni, kt. 191270-4959, Hjallalundi 5, Akureyri, fyrir að aka sunnudaginn 18. apríl 1993 sviptur ökurétti bifreiðinni Þ-211 frá heimili sínu, Hjallalundi 5, Akureyri, að bifreiðastæði við Nætursöluna þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Með játningu ákærða hér fyrir dómi, sem er í fullu samræmi við gögn málsins, telur dómurinn nægilega sannað, að hann hefur framið það brot, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 20. október 1993, hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

– – –

Með dómi sakadóms Akureyrar, upp kveðnum 12. nóvember 1991, var ákærði dæmdur í 10 mánaða fangelsi. Var honum 9. febrúar sl. veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum þeirrar refsingar, 180 dögum.

Ber nú skv. 42. gr. alm. hgl., sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að ákveða refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem nú er dæmt og með hliðsjón af þeirri refsingu, sem ólokið er, samkv. reglum 60. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, en samkv. þeirri grein ber nú að tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. alm. hgl. Með hliðsjón af eftirstöðvum refsingar og tilliti til sakaferils ákærða þykir refsing hans hæfilega tiltekin í einu lagi 7 mánaða fangelsi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ragnar Sigurðsson, sæti 7 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.